



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd

Endurskoðunarskýrsla 2018

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins</i>	<i>3</i>
<i>Helstu niðurstöður endurskoðunar</i>	<i>4</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>5 - 14</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>15 - 16</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>17</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>18</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>19</i>

Endurskoðun ársins 2018

Akureyri, 14. maí 2019

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2018. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Niels Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is

Sími: 430 1806

Gsm: 851 1806

Óttar Ingi Oddsson

Viðskiptafræðingur

Netfang: ottar@enor.is

Sími: 430 1819

Gsm: 851 1819

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 19 í skýrslunni.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2018 var jákvæð um kr. 16,5 millj. samanborið við kr. 4,8 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 21,3 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum, atvinnumálum, breytingu lífeyrisskuldbindinga og hjá eignasjóði. Helstu neikvæðu frávikin snúa að sameiginlegum kostnaði vegna starfsmanna breytinga og aukinna þjónustukaupa tengt kerfum.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 202,9 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.169,2 millj. í árslok 2018. Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 24,3 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 211,9 millj. en afskriftir námu kr. 33,3 millj. Stærstu einstaka fjárfestingar ársins voru í gatnaframkvæmdum að fjárhæð kr. 96,9 millj. og hjá hafnarsjóði kr. 105,8 millj. en á móti kom framlag frá hafnabótasjóði að fjárhæð kr. 37,0 millj.

Verðbréfaeign og handbært fé lækkuðu samtals um kr. 179,1 millj. milli ára en í því samhengi ber að hafa í huga að fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2018 námu kr. 211,9 millj. og engin lántaka var á árinu. Hjá samstæðunni nema langtímalán kr. 254,0 millj. og tilheyra þær skuldir allar félagslegu íbúðunum.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2018 nam kr. 9,6 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð kr. 4,8 millj.

Reikningshaldslegt mat

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2018 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2018.

Notkun reikningskilaaðferða

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Við höfum yfirfarið reikningskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningskilareglu. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Miðað við eðli og umfang starfseminnar teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. Miklar stafsmanabreytingar voru á skrifstofu sveitarfélagsins undir lok árs 2018 og í upphafi árs 2019. Að okkar mati er ekki óeðlilegt að nokkur röskun verði á starfsemi og þar með talið innra eftirliti á svo litlum vinnustað, á meðan nýjrir aðilar eru að koma sér inn í störf sín. Starfaskipting á skrifstofu verður áfram með óbreyttum hætti.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Áætlun			Áætlun		
	2018	m. viðaukum	2017	2018	m. viðaukum	2017
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	286.350	282.340	272.924	280.323	276.313	267.234
Framlög jöfnunarsjóðs	168.164	158.657	153.894	168.164	158.657	153.894
Aðrar tekjur	69.017	68.354	70.587	161.820	161.485	156.647
	<u>523.531</u>	<u>509.351</u>	<u>497.405</u>	<u>610.307</u>	<u>596.454</u>	<u>577.774</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	261.530	265.086	238.385	277.377	279.279	254.067
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	9.573	17.043	26.262	9.573	17.043	26.262
Annar rekstrarkostnaður	252.256	243.641	230.860	278.209	276.665	249.453
Afskriftir	16.449	20.602	15.939	33.290	38.087	33.469
	<u>539.809</u>	<u>546.372</u>	<u>511.446</u>	<u>598.449</u>	<u>611.074</u>	<u>563.251</u>
Rekstramiðurst. fyrir fjárm. liði	(16.278)	(37.021)	(14.041)	11.859	(14.620)	14.523
Fjármagnsliðir	16.756	20.081	21.983	4.667	9.824	13.047
Rekstramiðurstaða ársins	478	(16.941)	7.942	16.526	(4.796)	27.571
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	50%	52%	48%	45%	47%	44%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2%	3%	5%	2%	3%	5%
Annar rekstrarkostnaður	48%	48%	46%	46%	46%	43%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	972	943	890	959	930	878
Aðrar tekjur	148	146	147	346	345	327
Laun og launatengd gjöld	559	567	497	593	597	530
Annar rekstrarkostnaður	540	521	481	595	592	520
Fjármagnsliðir	36	43	46	10	21	27

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 610,3 millj. á árinu 2018 og hækka um 5,6% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 2,3% umfram áætlun ársins 2018.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 277,4 millj. á árinu 2018 og hækka um kr. 23,3 millj. eða 9,2%. Liðurinn er í heild um 0,7% undir áætlun ársins. Laun í grunnskóla sveitarfélagsins voru nokkuð undir áætlun en laun á skrifstofu voru nokkuð yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 278,2 millj. á árinu 2018 og hækkar um kr. 28,8 millj. eða 11,5%. Liðurinn er þó nokkuð vel á áætlun en frávik frá áætlun er 0,6%. Útgjöld til leikskóla, tónlistarskóla og þjónustukaup skrifstofu hækka nokkuð milli ára.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 33,3 millj. og lækka lítillega milli ára. Verulegar fjárfestingar voru á árinu og munu afskriftir hækka nokkuð á árinu 2019.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru jákvæðir um kr. 4,7 millj. á árinu 2018 sem er heldur lægra en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun. Verðbólga á árinu 2018 var hærri en árið áður og svo hefur einnig verið gengið á laust fé og ávöxtun af þeirri eign því lægri.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Hagnaður varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 171 þús. samanborið við kr. 16,4 millj. áætlað tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2018 um kr. 478 þús. samanborið við kr. 16,9 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2018 var jákvæð um kr. 16,5 millj. samanborið við kr. 4,8 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Afkoma samstæðunnar var því kr. 21,3 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum vegna tekjujöfnunar og útgjaldaframlaga frá jöfnunarsjóði, atvinnumálum vegna lægri kostnaðar við unglíngavinnu, breytingu lífeyrisskuldbindinga, eignasjóði vegna lægri reksturs skólabygginga og annarra þjónustubygginga, og hafnarsjóði vegna aukinna tekna og lægri viðhaldskostnaðar en töluverðar eignfærslur voru í tengslum við framkvæmdir hjá hafnarsjóði á árinu.

Helstu neikvæðu frávikin snúa sameiginlegum kostnaði vegna starfsmannabreytinga og aukinna þjónustukaupa tengt kerfum, og fjármagnsliðum vegna lækkunar á ávöxtun þar sem gengið var á laust fé og aukinni verðbólgu.

Hér til hliðar má sjá helstu frávik frá áætlun.

Helstu frávik frá áætlun (í þús kr.)

	Áætlun		
	Rauntölur	með viðaukum	Frávik
Skatttekjur	462.055	448.537	13.518
Atvinnumál	(10.966)	(15.181)	4.215
Sameiginlegur kostn.	(66.801)	(53.040)	(13.761)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(9.573)	(17.043)	7.470
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	23.652	27.421	(3.769)
Eignasjóður	(10.060)	(18.933)	8.873
Aðrir liðir í A-hluta	(387.829)	(388.702)	873
Hafnarsjóður	11.131	7.305	3.826
Aðrir liðir í B-hluta	4.917	4.840	77
	16.526	(4.796)	21.322

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 10,3 millj. eða 4,2% milli árána 2017 og 2018, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 6,3 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 2,6%.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka um 11,0% milli ára en gert var ráð fyrir slíkri hækkun í áætlun.

Framlög úr jöfnunarsjóði halda áfram að hækka en hækkunin er um 9,3% milli árána 2017 og 2018 en gert hafði verið ráð fyrir um 3,1% hækkun í áætlun. Frávikin skýrast helst af útgjaldajöfnunarframlagi sem er kr. 4,2 millj. umfram áætlun og tekjujöfnunarframlagi sem er kr. 5,3 millj. umfram áætlun.

Aðrar tekjur A-hluta lækka lítillega milli ára en eru þó nokkuð í takt við áætlun.

Tekjustofnar A-hluta greinast þannig samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2018	Áætlun með viðaukum	2017	2016	2015
Útsvar	255.518	251.497	245.211	233.620	240.065
Fasteignaskattur, lóðaleiga	30.833	30.843	27.772	28.257	27.141
Framlag úr jöfnunarsjóði	168.164	158.657	153.835	139.847	109.052
Aðrar tekjur	69.017	68.354	70.587	70.456	102.375
	523.531	509.351	497.405	472.180	478.634

Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

Framlag vegna útgjaldajöfnunar	54.716	50.451	56.219	52.182	40.501
Framlag vegna grunnskóla	74.104	76.085	63.173	54.082	38.930
Framlag vegna fasteignaskatts	26.136	26.920	25.581	22.138	17.270
Önnur framlög	13.208	5.200	8.863	11.445	12.352
	168.164	158.657	153.835	139.847	109.052

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 524,6 millj. á árinu 2018 samanborið við kr. 476,7 millj. á árinu 2017. Hækkunin er kr. 47,9 millj. eða 10,0%. Hækkun vegna fræðslu- og uppeldismála nam kr. 13,6 millj. og má rekja þá hækkun að stórum hluta til aukinna framlaga vegna tónlistarskóla og hækkunar á greiðslum vegna reksturs leikskóla. Hækkun vegna æskulýðs- og íþróttamála nam kr. 14,1 millj. og má að stórum hluta rekja til aukins launakostnaðar og viðhalds í rekstri íþróttahúss og sundlaugar. Hækkun sameiginlegs kostnaðar nam kr. 16,8 millj. en hækkunina má rekja til starfsmannabreytinga og þjónustukaupa vegna tölvu- og upplýsingamála.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)


	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Aðalsjóður:							
Félagsþjónusta	34.906	36.183	43.222	54.290	51.156	46.373	43.368
Fræðslu- og uppeldismál	277.947	264.358	253.314	263.367	240.833	203.754	204.417
Meningarmál	16.957	16.123	19.414	18.982	17.496	12.627	14.197
Æskulýðs- og íþróttamál	61.693	47.626	48.632	47.308	42.055	40.277	42.786
Brunamál og almannavarnir	5.843	6.461	5.596	4.610	4.955	5.505	5.135
Hreinlætismál	17.759	16.929	16.388	15.908	14.876	15.336	15.632
Skipulags- og byggingarmál	4.183	1.986	1.317	669	9.711	11.426	8.409
Umferðar- og samgöngumál	10.226	9.052	10.097	9.225	14.431	15.441	12.607
Umhverfismál	8.746	7.827	5.508	5.391	6.037	3.414	4.899
Atvinnumál	11.325	11.943	15.852	18.252	16.546	12.787	11.520
Sameiginlegur kostnaður	75.015	58.248	46.592	48.934	47.970	45.290	41.367
	524.600	476.735	465.934	486.935	466.065	412.230	404.337
Fjármagnsliðir	(23.652)	(29.106)	(32.526)	(35.865)	(31.656)	(33.727)	(36.514)
Breyting lífeyrirsskuldbindinga	9.573	26.262	20.972	12.151	15.050	5.490	(4.159)
Aðalsjóður samtals	510.521	473.891	454.380	463.221	449.458	383.993	363.664

Gjaldfærð framlög vegna hitaveituframkvæmda á árunum 2012 – 2015 eru tekin út úr samanburðinum en kostnaðarþáttaka sveitarfélagsins í hitaveituframkvæmdum íbúa náði fram á mitt ár 2015.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta

Framlög sveitarsjóðs vegna hitaveituframkvæmda að fjárhæð kr. 2,1 millj. á árinu 2015, kr. 13,0 millj. á árinu 2014, 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012 hafa verið tekin út til þess að auðvelda samanburð.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Þróun launakostnaðar

Laun og launatengd gjöld eru stærsti einstaki kostnaðarþáttur sveitarfélagsins en laun og launatengd gjöld námkú kr. 277,4 millj. á árinu 2018 samanborið við kr. 254,1 millj. árið 2017.

Hér að neðan má sjá launaþróun sveitarfélagsins frá árinu 2014. Tekið skal fram að samningur við Hjallastefnuna hefur áhrif á samanburð á launakostnaði til ársbyrjunar 2015.

Launaþróun (í þús. kr.) Skv. rekstrarreikningi	2018	2017	2016	2015	2014
Laun	224.524	204.893	202.447	202.620	216.486
Launatengd gjöld	52.853	49.174	48.315	48.879	52.292
	<u>277.377</u>	<u>254.067</u>	<u>250.761</u>	<u>251.499</u>	<u>268.778</u>
Breyting frá fyrra ári	9,2%	1,3%	-0,3%	-6,4%	13,4%

Lífeyrisskuldbinding v. Brúar

Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 4,8 millj. að teknu tilliti til greiðslna á árinu. Skuldbindingin vegna Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð kr. 29,8 millj. var gerð upp í ársbyrjun 2018. Gefin var út reglugerð í tengslum við meðferð á skuldbindingunni í ársreikningum sveitarfélaga. Jafnvægisjóður var gjaldfærður í heild sinni á árinu 2017, lífeyrisaukasjóður gjaldfærist á 30 árum og varasjóður gjaldfærist á 20 árum. Í ársreikningi 2018 er færð upp staða undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjörnsins sem stendur í árslok 2018 í kr. 20,4 millj. Þessi staða gjaldfærist á árunum 2019-2047 eins og fram kemur hér að neðan.

Gjaldfært	2017	30 ár	20 ár	Samtals
	Jafnvægisjóður	Lífeyrisaukasjóður	Varúðarsjóður	
2017	7.403.121	393.080	63.433	7.859.635
2018-2036		673.852	108.743	782.595
2037		673.852	45.309	719.162
2038-2046		673.852		673.852
2047		280.772		280.772
Samtals	7.403.121	20.215.566	2.174.851	29.793.538

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
Fastafjármunir				
Fasteignir og hafnarmannvirki	425.201	381.015	938.838	830.186
Veitukerfi	0	0	42.783	38.563
Gatnakerfi	175.859	85.064	175.859	85.064
Vélar, áhöld og tæki	9.400	9.495	11.733	12.518
Eignarhlutir í félögum	68.411	59.411	68.411	59.411
Fyrirframgreiddur kostnaður	20.369	0	20.369	0
	699.240	534.985	1.257.994	1.025.743
Veltufjármunir				
Óinnheimtar tekjur	40.790	43.400	44.354	47.851
Næsta árs afborganir B hluta	0	5.612	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	783	0	783	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	256.787	240.209	0	0
Aðrar skammtíma kröfur	15.360	18.581	26.793	18.835
Verðbréf	0	192.131	0	192.131
Handbært fé	465.654	456.298	470.991	457.910
	779.374	956.232	542.920	716.726
Eignir samtals	1.478.614	1.491.217	1.800.914	1.742.469
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	5,24	5,01	7,59	12,77
Heildareignir pr. íbúa	3.250	3.107	3.958	3.630

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 202,9 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.169,2 millj. í árslok 2018.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 24,3 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 211,9 millj. en afskriftir námu kr. 33,3 millj.

Fjárfestingar ársins skiptast þannig:

- Endurbætur fasteigna hjá eignasjóði kr. 30,2 millj.
- Framkvæmdir við gatnakerfi kr. 96,9 millj.
- Hafnarframkvæmdir og aðrar fjárfestingar í hafnarsjóði kr. 105,8 millj. en á móti kom framlag frá hafnabótasjóði að fjárhæð kr. 37,0 millj.
- Framkvæmdir hjá vatnsveitukerfi kr. 1,0 millj.
- Endurbætur fasteigna hjá félagsíbúðum kr. 4,5 millj.
- Framkvæmdir við fráveitukerfi kr. 6,6 millj.
- Framkvæmdir við Fellsborg kr. 3,9 millj.

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð hefur verið upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sbr. umfjöllun á bls. 10 í skýrslunni.

Verðbréfaeign og handbært fé

Verðbréfaeign sveitarfélagsins stóð í kr. 192 millj. í ársbyrjun 2018 og handbært fé í kr. 457,9 millj. Vegna verulegra fjárfestinga á árinu hefur gengið á lausafjáreignir og hefur verðbréfaeignin nú öll verið innleyst. Veltufjárhlutfall samstæðunnar hefur verið hátt en það lækkar nú milli ára úr 12,77 í 7,59.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	1.159.948	1.135.208	1.315.099	1.274.311
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	169.981	165.230	169.981	165.230
Skuldir í íslenskum krónum	0	0	244.273	246.784
	169.981	165.230	414.254	412.014
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	40.848	19.985	40.848	19.985
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	0	0	9.744	9.306
Skuldir við eigin fyrirtæki	90.584	149.084	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	17.253	21.710	20.969	26.854
	148.685	190.779	71.561	56.144
Skuldir samtals	318.666	356.009	485.815	468.158
Skuldir og eigið fé samtals	1.478.614	1.491.217	1.800.914	1.742.469
Lykiltölur				
Eiginfjárhlutfall	78%	76%	73%	73%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	-88%	-121%	-9%	-43%
Eigið fé pr. íbúa	2.549	2.365	2.890	2.655
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	700	742	1.068	975

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta hækkar um kr. 40,8 millj. milli ára. Afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 16,5 millj. kemur til hækkunar á eigin fé en auk þess er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 24,3 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 4,8 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 4,8 millj. en gjaldfærð hækku kr. 9,6 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 10 og 17 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka óverulega milli ára en þær voru kr. 254,0 millj. í árslok samanborið við kr. 256,1 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra eru mjög hagstæð eða á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir.


Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var -9% í árslok 2018. Breytingar voru gerðar á reglum um útreikning skuldahlutfallsins á árinu 2018 og er nú heimilt að draga frá veltufjármuni í heild sinni í stað hreins veltufjár áður.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Sjóðstreymi

Hjá A-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 22,8 millj. samanborið við kr. 30,2 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2017. Í áætlun var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði jákvætt um kr. 16,9 millj. Hjá samstæðunni A- og B-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 52,1 millj. samanborið við kr. 75,6 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2017.



Handbært fé samstæðunnar nam kr. 471,0 millj. í árslok samanborið við kr. 457,9 millj. í ársbyrjun. Verðbréfaeign sveitarfélagsins var komin niður í kr. 0 í árslok en staða verðbréfaeignar var kr. 192,1 millj. í ársbyrjun. Samanlagt lækkar handbært fé og verðbréfaeign um kr. 179,1 millj. milli ára en í því samhengi ber að hafa í huga að fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstarfjármunum á árinu 2018 námu kr. 211,9 millj. og engin lántaka var á árinu.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 11,1 millj. samanborið við kr. 13,4 millj. hagnað árið 2017.

Rekstrartekjur hækka um 14,0% milli ára eða kr. 6,4 millj. Nokkur hækkun er bæði á aflagjöldum og útseldri þjónustu hafnarvarðar. Þessi þróun er mjög jákvæð en árin áður höfðu tekjur hafnarsjóðs lækkað um 16,3% milli 2016/2017 og um 14% milli 2015/2016. Stærri bátar hafa hætt að landa á Skagaströnd á undanförunum árum og má búast við frekari lækkun á árinu 2019 vegna þess.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs hækka um kr. 8,6 millj. milli ára sem er um 26,7% hækkun. Hækkun á launakostnaði er nokkuð vel í takt við aukna útselda þjónustu hafnarvarðar en aukning kostnaðar liggur mest í auknum viðhaldskostnaði og aðkeyptri vinnu.

Fjárfestingar í Hafnarsjóði á árinu námu kr. 105,8 millj. en á móti komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 37,0 millj. Stærstur hluti fjárfestinganna er vegna smábátahafnar en sú framkvæmd er 60% styrkhæf frá ríkinu og á sveitarfélagið inni frekari framlög frá ríkinu vegna framkvæmda ársins.

Staða Hafnarsjóðs er góð og var eiginfjárlutfall sjóðsins 100,0% í árslok 2018. Krafa hafnarsjóðs á aðalsjóð lækkaði nokkuð milli ára vegna framkvæmda ársins en hún stóð í árslok í kr. 81,9 millj. samanborið við kr. 149,1 millj. í ársbyrjun.

Vatnsveita og fráveita

Hagnaður var á rekstri vatnsveitu á árinu að fjárhæð kr. 4,9 millj. Tekjur jukust nokkuð milli ára eða um 6,2% og er rekstur og efnahagur í ágætu jafnvægi.

Hagnaður var á rekstri fráveitu á árinu að fjárhæð kr. 6,3 millj. Tekjur jukust nokkuð milli ára eða um 9,9% og er rekstur og efnahagur í ágætu jafnvægi.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri félagslegara íbúða á árinu að fjárhæð kr. 1,7 millj. samanborið við kr. 6,1 millj. hagnað árið 2017. Leigutekjur hækka um kr. 1,8 millj. milli ára sem er um 7,1%. Kostnaður við rekstur fasteigna hækkar um kr. 2,8 millj. milli ára.

Engin íbúð var seld á árinu og voru 27 íbúðir í rekstri hjá félagslegum íbúðum í árslok 2018. Bókfært verð þessara 27 íbúða var kr. 263,3 millj. í árslok 2018 eða um kr. 9,8 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2018 kr. 269,4 millj. sem er nokkuð nálægt bókfærðu verði þeirra.

Áhvílandi lán á íbúðunum nema samtals kr. 254,0 millj. í árslok 2018 sem er að meðaltali um kr. 9,4 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldri samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2018.

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 8,0 millj. samanborið við kr. 7,8 millj. tap árið 2017. Tekjur voru aðeins kr. 1,5 millj. en rekstur félagsheimilisins hefur verið í útleigu frá miðju ári 2017. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir lækka úr kr. 4,6 millj. í kr. 4,2.

Fjárfestingar ársins hjá Fellsborg námu kr. 3,9 millj. á árinu.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2018 neikvætt um kr. 66,1 millj. og er uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 152,6 millj.

Skoða þarf með hvaða hætti má jafna út rekstur félagsheimilisins en að okkar mati gengur ekki að reksturinn sé í miklu tapi ár eftir ár og að það haldi áfram að safnast upp há skuld við aðalsjóð.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með sveitastjóra.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2018 hjá A-hluta nam kr. 6,9 millj. sem er um 14,5% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 4,4 millj. og 9,1% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 9,3 millj. sem er 17,4% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 5,2 millj. í ársbyrjun og 9,7%.

Sértæk niðurfærsla var hækkuð nokkuð á árinu 2018 m.a. vegna aukinna vanskila hjá félagsbúðum.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2018 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2018	2017
Viðskiptakröfur	47.724	47.770
Niðurfærsla krafna	(6.935)	(4.369)
Viðskiptakröfur nettó	40.790	43.400
Niðurfærsla í %	14,5%	9,1%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2018	2017
Viðskiptakröfur	53.679	53.010
Niðurfærsla krafna	(9.325)	(5.159)
Viðskiptakröfur nettó	44.354	47.851
Niðurfærsla í %	17,4%	9,7%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 68,4 millj. í árslok. Sveitarfélagið jók við hlut sinn í Ámundakinn ehf. vegna áskorunar frá forsvarsmönnum félagsins en hlutafjárukningin var sett í viðhald á fasteign í eigu félagsins á Skagaströnd. Að öðru leyti eru engar breytingar á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og engin breyting gerð á niðurfærslu eignarhluta.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2018.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2018	31.12 2017
Ámundakinn ehf	10.250	1.250
Hólanes ehf	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Snorraberg ehf	5.408	5.408
Sjávarlíftækni setrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.796	1.796
Niðurfærsla eignarhluta	(15.500)	(15.500)
	<u>68.411</u>	<u>59.411</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Samkvæmt álit frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2018 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 142,5 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Nokkur hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2018 og 2019 og er færð matsbreyting á lóðir og lendur að fjárhæð kr. 24,3 millj. á árinu 2018. Endurmatsbreyting á lóðum og lendum var síðast færð á árinu 2013.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hlutur sveitarfélagsins er áætlaður 53% sem er sama hlutfall og 2017. Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2018 nam kr. 9,6 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð kr. 4,8 millj. Skuldbinding vegna Brúar var greidd upp og færð upp staða undir fyrirframgreiddum kostnaði sbr. umfjöllun á bls. 10 í skýrslunni.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilmætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er að aðrar eftirlitsaðgerðir komi til móts við þá veikleika sem felast í takmarkaðri aðgreiningu starfa.

Miklar starfsmannabreytingar voru nýlega hjá sveitarfélaginu en nýr sveitarstjóri tók til starfa undir lok ársins 2018 og einnig nýr bókari eftir að annar af tveimur bókurum/gjaldkerum sveitarfélagsins lét af störfum vegna aldurs. Svo miklar breytingar á svo litlum vinnustað geta haft töluverð áhrif á skipulag og innra eftirlit en við höfum ekki merkt annað við yfirferð okkar en að breytingarnar hafi gengið vel fyrir sig. Hjá sveitarfélaginu hefur verið haldið utan um yfirlit yfir innra eftirlit sem sýnir hvar ábyrgðarsvið stjórnenda og starfsmanna liggur bæði á tekju og kostnaðarhlið rekstrarins. Farið var yfir ábyrgðarsvið með sveitarstjóra og yfirlitið uppfært en það er að okkar mati góður grunnur til þess að byggja á og nýtist okkur í yfirferð okkar á tekjum og kostnaði sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið tók upp nýtt fjárhagskerfi á árinu 2017 og hafa starfsmenn verið að bæta við þekkingu sína á kerfinu og nýta frekar þá möguleika sem kerfið býður upp á. Nýr bókari sveitarfélagsins hefur góða þekkingu á notkun kerfisins sem er mikilvægt að okkar mati.

Aðfangafærlí

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að framkvæmd við bókun reikninga sé góð. Á árinu var byrjað að nota rafrænt samþykktarferli sem bókhaldskerfið býður upp á. Við munum fylgja því betur eftir við endurskoðun vegna ársins 2019 og taka þá út notkun samþykktarferfisins.

Launaferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins og skoðað hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Eftir að fyrrum sveitarstjóri hættir hefur uppáskrift vegna launa aðeins dotti niður en við yfirferð á gögnum vegna fyrstu útborgana 2019 teljum við að þessir þættir séu aftur komnir í gott horf.

Lykilmættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstillUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávík eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.